



Ársskýrsla SÍM 2025 - 2026



Starfsfólk

Nýr framkvæmdastjóri SÍM, Júlía Marínósdóttir tók til starfa í ágúst mánuði. Fjórir starfsmenn starfa hjá Rekstrarfélagi SÍM. Það eru þau Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri Rekstrarfélags SÍM, Martynas Petreikis, Rekstrarstjóri residensíu SÍM, Svala Leamann, verkefnastjóri og Friðrik Örn Weissshappel, umsjónarmaður húsnæðis.

Stjórn

Í stjórn SÍM 2024 – 2026 sátu Anna Eyjólfss, formaður, Hlynur Helgason, varamaður, Anna Rún Tryggvadóttir, Helga G. Óskarsdóttir og Pétur Thomsen. Varamenn voru þau Helga Ágústsdóttir og Logi Bjarnason.

Kjörtímabili Önnu Eyjólfss, Önnu Rúnar Tryggvadóttur og Hlyns Helgasonar lýkur í maí 2026.

Fyrir stjórnarkosningar 2026 gáfu kost á sér Anna Rún Tryggvadóttir, Jakob Jóhannsson og Logi Bjarnason til formanns. Til stjórnar gáfu kost á sér Ásdís Spanó, Búi Kristjánsson og Haraldur Karlsson.

Fundir

Fundir stjórnar voru samtals **11** á árinu. Einn fundur var haldinn með formönnum aðildarfélaga SÍM og stjórn SÍM. Tveir nefndarmenn úr starfslaunanevnd myndlistarmanna komu á fund stjórnar og ræddu breytingartillögur á fyrirkomulagi úthlutuna til myndlistarmanna.

Starfsumhverfi listamanna

Rannsókn á starfsumhverfi myndlistarmanna, alþjóðlegar umsóknir og málsvörn

Á árunum 2025–2026 hélt SÍM áfram starfi sínu við að styrkja starfsskilyrði myndlistarmanna á Íslandi með rannsóknnum, alþjóðlegu samstarfi og málsvörn.

Byggt var á nýlegri rannsókn SÍM á starfsumhverfi myndlistarmanna á Íslandi, sem unnin var af Dr. Emilíu Telese. Með rannsókninni lagði SÍM innlegg í umræðu um efnahagsleg og félagsleg starfsskilyrði myndlistarmanna. Niðurstöðurnar draga fram mikilvægt framlag listamanna til menningar- og skapandi greina, en undirstrika jafnframt viðvarandi áskoranir sem tengjast tekjuöryggi, sanngjörnum greiðslum og faglegri viðurkenningu.

Á grundvelli þessarar vinnu fól SÍM Dr. Telese á vormánuðum 2026 að þróa og leggja fram umsóknir til alþjóðlegra styrkjaáætlana. Umsóknirnar miða að því að efla réttindi listamanna, stuðla að sanngjörnum greiðslum og styrkja menningarlegt lýðræði.

Í kjölfar birtingar rannsóknarinnar áttu Anna Eyolfssdóttir, Júlía Marínósdóttir og Emilía Telese fund með menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra. Fundurinn gaf tækifæri til að kynna niðurstöður



rannsóknarinnar, alþjóðlegar umsóknir og önnur yfirstandandi verkefni sem miða að því að bæta starfsskilyrði myndlistarmanna.

Með þessu starfi heldur SÍM áfram að gegna lykilhlutverki í umræðu um starfsumhverfi myndlistarmanna með virkri þátttöku í mótun menningarstefnu, bæði á innlendum og alþjóðlegum vettvangi.

Við borgum listamönnum

Í samstarfi við BÍL og Visku kallaði SÍM eftir upplýsingum frá opinberum söfnum og sýningarstöðum sem rekin eru fyrir opinbert fé á greiðslum til listamanna fyrir vinnu þeirra. Viðmiðunartaxti SÍM er 13.016 kr/klst. Gögnin sem bárust bentu til þess að greiðslur voru ósamræmdar á milli stofnanna á undanförunum árum. Þær áætlanir sem voru lögð fyrir bentu hinsvegar til þess að víða sé unnið í átt að því að greiðslur taki mið af viðmiðunartaxta SÍM. Það er skref í rétta átt og undirstrikar SÍM mikilvægi þess að vinna að skýrum, sameiginlegum viðmiðum í góðu samstarfi við alla hagsmunaaðila.

Myndlist á Íslandi

Tímaritið Myndlist á Íslandi gefið út einu sinni á ári og er samstarfsverkefni Sambands íslenskra myndlistarmanna (SÍM), Myndlistarmiðstöðvar, Myndlistardeildar Listaháskóla Íslands, Listfræðafélags Íslands og Myndlistarráðs. Stjórn tímaritsins skipa Sigrún Inga Hrólfsdóttir (f.h. Myndlistarráðs), Cecilie C. Ragnheiðardóttir Gaihede (f.h. Myndlistarmiðstöðvar), Anna Eyjólfsdóttir (f.h. SÍM), Bjarki Bragason (f.h. Listaháskóla Íslands), Birkir Karlsson (f.h. Listfræðafélag Íslands). Í ritstjórn sitja Becky Forsythe, Hólmar Hólm og Eva Lín Vilhjálmsdóttir.

Korpúlfsstaðir – Listamiðstöð í Grafarvogi

Vinnustofur

Vinnustofur verða áfram í húsinu, í framtíðinni er fyrirhugað að allt húsið verði hús Listarinnar í Grafarvogi. Þar eru fyrirhugaðar marvíslegar breytingar sem unnar voru í samvinnu við MÍR hjá RVK, SÍM, BÍL og fleiri aðilum sem allir gerðu tillögur að nýtingu hússins. Frestur hefur orðið vegna manna breytinga innan kerfisins.

Fyrsta TORG listamessa var haldin árið 2018 og verður messan haldin í nóvember 2026 í sjötta sinn. TORG listamessa gefur félagsmönnum tækifæri til að kynna og selja verk sín og almenningi tækifæri til að fræðast um list þeirra. Torg er nú haldið annað hvert ár.

Kaffihúsið

Kaffihúsið býður upp á möguleika en hefur hingað til verið notað fyrir opnanir, fyrirlestra, fundi aðildarfélannaog leigt út fyrir samkvæmi á vegum félagsmanna, Mánaðarlega var haldið opið listamannatal á vegum Residency SÍM.

Stjórn SÍM hefur staðið fyrir fjölmörgum fundum til að kynna áform um framtíðar þróun og uppbyggingu Korpúlfsstaða.



Hlöðuloftið

Í sýningarsal SÍM á Hlöðuloftinu eru margvíslegir möguleikar til sýninga bæði einka- og samsýninga ásamt fjölbreyttum möguleikum í listviðburðum þar á meðal TORG listamessa sem fyrst var haldin árið 2018 og verður messan haldin í nóvember 2026 í sjötta sinn.

Messan hefur gefið félagsmönnum SÍM tækifæri til að kynna sig og selja verk sín og almenningi tækifæri til að fræðast um margvíslega list.

Húsnæðismálin

Undirbúningur samnings um útleigu í Skipholt 37 hefur tekið mikinn tíma og orku stjórnar frá árinu 2022. Þá og þegar hófust fundir með nánast öllum ráðamönnum ríkis og borgar og fleiri aðilum, til að sýna fram á vöntun fyrir aukið húsnæði fyrir residensíu SÍM og vinnustofur myndlistarmanna.

Menningar- nýsköpunar og háskólaráðherra, Logi Einarsson nefnir í nýrri grein í Myndlist á Íslandi að með Skipholti 37 hafi náðst að gera langtímahúsaleigusamning vegna vinnustofu húss SÍM.

SÍM fær styrk til að greiða niður húsaleiguna í Skipholtinu frá MNH. Hluti samningsins var að SÍM Residecy ætti að fá inn í Skipholti 37 og því var hluti samningsins um styrkinn ætlaður SÍM Residency. Markmiðið með því er að innlendir og erlendir gestir geti átt samleið með listamönnum á vinnustofum SÍM um ýmislegt. Vegna margvíslegrar vankanta á húsnæðinu fékkst ekki gistileyfi fyrir SÍM residency. Vandamál fylgdu þessu en voru leyst tímabundið með því að færa hana aftur á Seljaveg.

Vilji RVK er að SÍM residensy í Reykjavík verður verði flutt á Korpúlfsstaði í fyllingu tímans. Digranesvegur í Kópavogi var í eign ríkisins en seld með þeim skilmálum að vinnustofur okkar þar fengju að vera áfram í því ágæta húsi. SÍM fékk leigðar nokkrar vinnustofur í Austurstræti 5. Óvíst er með áframhald húsnæðis í Garðabæ, Auðbrekku 1 og 2 og á Hólmaslóð, en á árinu var flutt úr vinnustofuhúsi á Héðinsgötu.

Vinnustofur

SÍM er með **223 vinnustofur fyrir félagsmenn í 7 vinnustofuhúsum** á höfuðborgarsvæðinu. SÍM gerði samning við Menningar- nýsköpunar og háskólaráðuneytið vegna leigu í Skipholti 37. Vinnustofuhúsið í Skipholti var tekið í notkun í nóvember 2025. Árlegt mótframlag ríkisins til reksturs húsnæðisins er 32.5 milljónir til næstu þriggja ára eða rúmlega 97.5 milljónir. Haustið 2025 var hætt með Seljaveg 32 sem vinnustofur og fluttu flestir listamennirnir sem þar voru með vinnustofu sig yfir í Skipholtið. SÍM hætti vinnustofur á Héðinsgötu 1, þar sem ástand húsnæðisins var óviðunandi.

Vinnustofur SÍM og geymslur eru á eftirtöldum stöðum: Auðbrekka 1 og 2 í Kópavogi, alls 18 vinnustofur. Digranesvegur 5 í Kópavogi og Lyngás 7 í Garðabæ, alls 70 vinnustofur. Hin vinnustofuhúsin eru öll í Reykjavík: Austurstræti 6, 5 vinnustofur, Hólmaslóð 4, 35 vinnustofur, Korpúlfsstaðir, 40 vinnustofur og Skipholt 37, 55 vinnustofur. Auk þess eru í Skipholti fleiri fjölnotarými. Geymslur eru alls 50 og eru þær í Auðbrekku 1 og 2, á Digranesvegi og á Hólmaslóð. Ekki hefur gengið átakalaust að klára framvæmdir við uppsetningu veggja í Skipholti. Búið er við að lokaúttek Slökkviliðsins á Höfuborgarsvæðinu á húsnæðinu geti farið fram í síðasta lagi í júní 2026. Margir listamenn bíða enn eftir að fá inn í sínar



vinnustofur, en úthlutun vinnustofanna var lokið í október 2025. Fasteignir ríkisins eru eigendur að Skipholti 37.

Samkeppnir

Reykjavíkurborg

Í samningum Reykjavíkurborgar og lóðahafa á nýjum uppbyggingarsvæðum í borginni eru sett fram markmið um að ákveðinni fjárhæð verði varið í listsköpun í almannarýmum til að tryggja gæði og gott umhverfi í borginni. Til þess að fylgja þessum markmiðum eftir hefur verið efnt til samkeppna um gerð útilistaverka og voru þessar samkeppnir haldnar samkvæmt Samkeppnisreglum SÍM. Stjórn SÍM samþykkti á fundi sínum með safnstjóra Listasafns Reykjavíkur, sem hefur yfirumsjón með verkefninu, ákveðið frávík frá reglunum til að liðka fyrir þessu tilraunaverkefni borgarinnar með lóðahöfum. Þetta frávík frá reglunum gjldir eingöngu fyrir þetta eina verkefni á vegum Reykjavíkurborgar. Haldnar hafa verið sex samkeppnir á nýjum uppbyggingarsvæðum og hefur fjöldi listamanna fengið tækifæri til að taka þátt og skila inn tillögum að listaverkum sem þeir fengu greitt fyrir. Samkeppnir um listaverk á eftirfarandi uppbyggingarreitum: Greinsásvegur 1, Seljavegur 2 / Héðinsreitur, Vesturgata 64 / Vesturvin, Borgartún 41 og á Orkureit. Fleiri samkeppnir eru fyrirhugaðar á nýjum uppbyggingarsvæðum borgarinnar á árinu 2026.

Nýr Landspítali NLSH.

Á vegum NLSH hafa verið haldnar tvær samkeppnir árið 2025.

Samkeppni um listaverk í nýbyggingu Grensásdeildar endurhæfingardeild Landspítalans við Álmgerði 1 í Reykjavík. Lokuð samkeppni með opnu forvali. Sigurverarar samkeppninnar voru þau Sigrún Sirra Sigurðardóttir og Arnar Ásgeirsson.

Samkeppni um listaverk í nýbyggingu Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands. Lokuð samkeppni með opnu forvali. Sigurverari samkeppninnar var Ólöf Nordal. Fleiri samkeppnir eru fyrirhugaðar á vegum NLSH eftir því sem framkvæmdum miðar.

Framkvæmdasýsla ríkisins FSRE.

Á vegum FSRE hafa verið haldnar tvær samkeppnir árið 2025.

Samkeppni um útilistaverk við Skúlagötu 4, lokuð samkeppni með lokuðu forvali. Sigurvegari samkeppninnar var Jóna Hlíf Halldórsdóttir.

Samkeppni um útilistaverk við nýtt Hjúkrunarheimili við Boðaping í Kópavogi, lokuð samkeppni með lokuðu forvali. Sigurverari samkeppninnar var Ólöf Nordal. Fleiri samkeppnir eru fyrirhugaðar á vegum FSRE.

SÍM Residency

SÍM Residency og SÍM Guesthouse héldu áfram öflugri starfsemi árið 2025 með áherslu á alþjóðleg samskipti, listrænar rannsóknir og menningarsamstarf. Á árinu tóku **113** listamenn frá fjölmörgum löndum þátt í residensíunni og **164** gestir dvöldu í SÍM Guesthouse. Starfsemin fór að mestu fram á Seljavegi og í Korpúlfsstöðum og fól meðal annars í sér listamannaspjöll, vinnustofur, opnar vinnustofur,



sýningar og samstarfsverkefni við innlendar og erlendar stofnanir. Residensían fluttist alfarið á Seljaveg í febrúar 2026. Vilji er fyrir því að SÍM Residency Reykjavík verði flutt á ný á Korpúlfsstaði í fyllingu tímans.

Á meðal stærri verkefna ársins var sérstök norræn-baltnesk residensía sem fékk um 50.000 evrur í styrk frá Nordic-Baltic Mobility Programme for Culture. Verkefnið fjallaði um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á íslenska jökla og var unnið í samstarfi við rannsóknarstofnanir og menningarstofnanir. Auk þess hélt SÍM Residency áfram fjölbjóðlegum samstarfs- og skiptiverkefnum með listastofnunum í Finnlandi, Ungverjalandi og Frakklandi.

Þrátt fyrir aukinn rekstrarkostnað, húsnæðisóvissu og takmarkað innlent fjármagn hélt residensían áfram að njóta mikils alþjóðlegs áhuga. SÍM Residency og SÍM Guesthouse gegna áfram mikilvægu hlutverki í að styðja við alþjóðlega listamennsku, menningarsamskipti og sýnileika Íslands á alþjóðlegum vettvangi.

Samstarf

BÍL - Bandalag íslenskra listamanna

Reglulegir stjórnarfundir BÍL eru haldnir á mánaðarfresti. Þar fara fram umræður um helstu mál sem brenna á listamönnum á hverjum tíma.

Myndlistarmiðstöð

Nýr fostöðumaður Myndlistarmiðstöðvar er Cecilie C. Ragnheiðardóttir Gaihede. Í stjórn Myndlistarmiðstöðvar situr Pétur Thomsen, tilnefndur af SÍM. Í fulltrúaráði Myndlistarmiðstöðvar sitja Anna Eyjólfsdóttir, Helga G. Óskarsdóttir, Soffía Sæmundsdóttir og Þóra Karlsdóttir.

IAA – International Art Association

Alþjóðasamtök myndlistarmanna (IAA) í Evrópu komu saman í Liverpool til aðalfundar og málþings. Þá var einnig kosning til stjórnar samtakanna. Þema málþingsins var *Breytingar með myndlistarmönnum*. Fjölmörg erindi voru flutt. Næsti fundur verður haldinn í Malmö og Kaupmannahöfn 5-7 október hýst af KRO Konstnarernas Riksorganisation í samstarfi við BKF Billedkunsternes Forbund.

Aðildarfélög

Aðildarfélög SÍM eru:

FÍM, FÍSL, Íslensk Graffík, Leirlistafélagið, Myndhöggvarafélagið, Myndlistarfélagið á Akureyri, og Textílfélagið. Auk aðildarfélaga SÍM er einstaklingsaðild félagsmanna. Sjá nánar upplýsingar um félögin aftast í skýrslunni.



Myndstef

Myndstef og SÍM eru í samvinnu og samstarfið við Reykjavíkurborg um úthlutun styrkja úr dvalar og ferðasjóðnum Mugg. Formaður Myndstefs er Guðrún Erla Geirsdóttir.

Verkefni SÍM

Vinnustofuskipti

Fjórir listamenn á vegum SÍM tóku þátt í vinnustofuskiptum á vegum félagsins í **Bratislava í Slóvakíu, Vantaa í Finnlandi og Budapest í Ungverjalandi**. Fimm erlendir listamenn komu á móti til Íslands og dvöldu í SÍM Residency í tvær vikur og upp í mánuð á vegum samstarfsaðila SUVA í Slóvakíu, Gjutars Artist Association í Finnlandi og Budapest Gallery í Ungverjalandi.

World Art Day

Emilie Dalum tók viðtöl við þrjá myndlistarmenn á Vestfjörðum. Þau Jane Carlson á Flateyri, Ólöfu Dómhildi á Ísafirði og Rut Bjarnadóttir á Hólmavík haustið 2024. Viðtölin voru birt á heimasíðu og miðlum SÍM.

Muggur

Úthlutað var úr Muggi tvisvar á árinu, annarsvegar vegna verkefna á tímabilinu 01.03.2025-31.08.2025 og hins vegar 01.09.2025-28.02.2026. Alls voru veittir styrkir til **73 verkefna**, samtals **76 vikur** en sjóðurinn veitir styrki til vikudvalar erlendis vegna sýningar, vinnustofu eða annars sambærilegs myndlistarverkefnis. Muggur er samstarfsverkefni SÍM, Myndstefs og Reykjavíkurborgar. Í úthlutunarnefnd sátu Soffía Sæmundsdóttir, Þóra Gunnarsdóttir og Sindri Leifsson.

Artótek

Artótekið er samstarfsverkefni SÍM og Borgarbókasafns Reykjavíkur. Borgarbókasafnið í Grófinni, Reykjavík sér um að leigja út verk og SÍM sér um utanumhald.

Alls voru 82 félagsmenn með listaverk í Artótekinu 2025. 215 ný verk bárust sem er örlítill hækkun frá fyrra ári. Á árinu fóru 111 verk í útleigu í stað 108 frá árinu á undan. Seld verk voru 127. Í lok árs 2025 233 verk í útleigu.

Sýningar

Sýnendur í SÍM Gallerí á árinu voru: Agnes Ársælsdóttir, Arnaud Tremblay, Arthur Ragnarsson, Georg Douglas, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Kristín Elva Rögnvaldsdóttir, Margrét Reykdal, Nina Maria Allmoslechner, Pia Rakel Sverrisd., Regína M. Loftsd., Rossana Schiavo, Sigríður J. Bjarnad. og Úlfur Karlsson



Á Hlöðulofti Korpúlfsstaða voru eftirtaldir listamenn með sýningar:

Kristbergur Ó. Pétursson: *Málverk og ljóð*, Ingibjörg Rannveig Guðlaugsdóttir: *GIV MÍ TYGGIGÚMMÍ*

Ernst Backman: *Hönnun í 50 ár*, Jelena Antic og Skúli Arason: *Ör jarðar*,

Sigrún Harðardóttir: *Yfirlitssýning 1983-2025*, Samsýningin *Andleg tímavél* – listamenn: Diana Storåsen,

Eygló Jósephsdóttir, Fröydi Julianne Belle Lazlo, Hulda Vilhjálmisdóttir, Krístrún Eyjólfsdóttir, Kristín Elva

Rögnvaldsdóttir, Marta María Jónsdóttir, Nikolína Mimi Sällborn, Þorgerður Jörundsdóttir

Curver: *50 ára yfirlitssýning*, Helgi Þorgils Friðjónsson: *Sjónadeildarhringur á Hlöðuloftinu*



Starfsemi aðildarfélaga

MHR

Árið var öflugt hjá Myndhöggvarafélaginu í Reykjavík og einkenndist af stöðugri uppbyggingu, öflugri félagsstarfsemi og auknum stöðugleika í rekstri. Félagið undirritaði nýjan þriggja ára samstarfssamning við Reykjavíkurborg sem tryggir 3,5 milljóna króna árlegan styrk til ársins 2028. Samningurinn styrkir rekstrargrundvöll félagsins og mun nýtast til áframhaldandi uppbyggingar á verkstæðum, viðhaldi búnaðar og bættu aðgengi fyrir félagsmenn.



Sýningarhald í Höggmyndagarðinum hélt áfram af krafti og voru þar haldnar fjölmargar vel heppnaðar sýningar. Garðurinn hefur fest sig í sessi sem mikilvægur vettvangur fyrir höggmyndalist og þrívíða myndlist á Íslandi. Verkefnið Annar Garður, undir stjórn Evu Ísleifsdóttur, hélt áfram að þróast og hefur vakið athygli fyrir metnaðarfulla nálgun á sýningarhald í opnu rými.

Félagslíf innan félagsins var einnig öflugt á árinu. Jólagrautur og þorablót voru vel sótt og styrktu tengsl milli félagsmanna ólíkra kynslóða og starfsvenja. Verkstæðin voru áfram hjarta starfseminnar og mikil áhersla lögð á öryggi, viðhald og miðlun þekkingar milli félagsmanna. Námskeið og sérhæfð þekking innan verkstæðanna gegna áfram mikilvægu hlutverki í starfsemi félagsins.

Rekstur félagsins var stöðugur og stjórn félagsins leggur áfram áherslu á að efla starfsemi þess, bæta aðstöðu og styrkja stöðu félagsins sem mikilvægs vettvangs fyrir íslenska höggmyndalist og þrívíða myndlist.

Kveðja Logi

FÍSL – Félag Íslenskra Samtímaljósmyndara


Aðalfundur FÍSL 2025 var haldin þann 3. maí 2025. Ný stjórn var kosin: Það voru þau Dína Júlíusdóttir, Kristján Maack, Þórdís Erla Ágústsdóttir, Sigríður Rut Marrow og Kristín Sigurðardóttir, Kristín Sigurðardóttir sagði sig úr stjórn mánuði síðar. Þórdís Erla Ágústsdóttir var kosin formaður, Kristján



Maack ritari og Díana Júlíusdóttir gjaldkeri, Sigríður Marrow sem umsjónarmaður Fréttabréfs og samfélagsmiðla.

Á fundinum var gerð lagabreyting vegna inngönguskilyrði í félagið. Eftir breytingu þá eru inngönguskilyrðin eftirfarandi. "Til að hafa rétt til inngöngu í FÍSL þarf umsækjandi að uppfylla eitt af eftirfarandi skilyrðum: Að hafa lokið viðurkenndu námi í myndlist við viðurkenndan listaháskóla, eða sem svarar a.m.k. tveggja og hálfis árs sambærilegu námi að loknu stúdentsprófi." Að öðrum kosti þarf umsækjandi að uppfylla þrjú önnur skilyrði sem upp eru talin á heimasíðu félagsins, undir lög félagsins.

14.júní 2025 var samsýning FÍSL opnuð í menningarmiðstöðinni Sláturhúsinu á Egilsstöðum. Sýningin stóð yfir til 27.07.2025. Sýningastjóri var Yael BC og Titill sýningarinnar Hiraeth: Longing. : The spatial arrangement of the exhibition mirrors the theme itself - a wandering path through emotional terrain. Viewers are invited to navigate the in-between spaces of memory, culture, and imagination, confronting the feeling of being adrift while searching for a sense of belonging. Þátt tóku 31 meðlimir; Agnieszka Sosnowska - Self Portrait, Aishling Muller - The Empress, Ásta Guðrún Óskarsdóttir - Long to belong/ Þráin að tilheyra, Bára Kristinsdóttir - Erfð. Úr seríunni "Sett úr sömu sveit", Berglind Björnsdóttir - Múlakot - little Reykjavík / Múlakot - litla Reykjavík, Bjargey Ólafsdóttir - Heima - Home, Bragi Þór Jósefsson - Gjögur, Christine Gisla - Móðurmissir/ The loss of a mother/ Die Trauer um die Mutter, Claire Paugam - Before leaving, then she asked why I took a photo, Díana Júlíusdóttir - Vatnajökull, Einar Falur Ingólfsson - Benares, Grace Claiborn Barbörudóttir - Barbörukapella, Hallgerður Hallgrímsdóttir - Sálmar, Helgi Vignir Bragason - Fimm stig sorgar / Five stages of grief, Jóna Þorvaldsdóttir Vilji - Snædís, Juanjo Ivaldi - My childhood was lost in a broken pocket..., Katrín Elvarsdóttir - Frá garði Monets í Giverny, Kristin Bogadóttir - Gellur & Kinnar, Kristján Maack - Skrið, María Kjartans Girl 2006 & Girl 2008, Rossana Silvia Nebbia - Nebbia #2, Rúnar Gunnarsson - Þöggun..., Sandra Mjöll Jónsdóttir - Reflection - No title, Sigríður Marrow - Kjöttborg - Mónakó, Spessi - Einu sinni var, bensín - Once there was petrol, Stephan Stephensen - Brunnhorn, Telma Har - My Inheritance (Self portrait), Yael BC - Dauðahafið, Þórdís Erla Ágústsdóttir Childhood memories, Þórdís Jóhannesdóttir - Án titils.





Físl félagi okkar Björn Árnason hefur boðið FÍSL vegg á Skúla Craftbar okkur að kostnaðarlausu til að sýna verk félaga og verið þá í leiðinni kynning á Físl. Félagar sýna til skiptis á Skúla Craft bar í tvo mánuði í senn. Laura Valentino sýnir á veggnum um þessar mundir.

Árið 2024 varð til ný heimasíða FÍSL og hefur hún verið þróuð og endurbætt. FÍSL.is. Meðlimir eru kynntir á Instagram síður félagsins. Einnig er fjallað um þær sýningar sem meðlimir standa að eða taka þátt í og þær bækur og rit sem þeir gefa út.

FÍSL hefur gefið út fréttabréf mánaðarlega með helstu fréttum tengdum félaginu.

FÍSL er hluti af Nordic Photography Network (NPN) og er stefnt á að efla starf samtakanna. Nordic Photography Network (NPN) er norrænt samstarfsnet fyrir samtök og stofnanir sem vinna með samtímaljósmyndun og myndlist byggða á myndavéla miðlum. Það var stofnað árið 2012 til að efla samstarf milli Norðurlandanna og auka þekkingu á mismunandi listrænum nálgunum í ljósmyndun. Á þessu ári og því síðasta hafa Eistland, Lettland og Litháen bæst við í samtökin. Á næsta ári verður FÍSL 20 ára og er stefnt að því að halda upp á afmælið með áhugaverðum viðburðum og jafnvel útgáfu bókar.



TEXTÍLFÉLAGIÐ

Sex nýir félagar bættust við á starfsárinu og nú eru 119 skráð í félagið.

Sex námskeið voru haldin á árinu:

Sashiko útsaumur - Arnþrúður Ösp Karlsdóttir,

Gamli krosssaumurinn - Lára Magnea Jónsdóttir,

Hugmyndavinna og skissugerð - Drífa Thoroddsen,

Samfélagsmiðlar - Anna Claessen,

Litir og litaskynjun - Eygló Harðardóttir,

Jurtalitun og bókagerð - Þorgerður Hlöðversdóttir og Arnþrúður Ösp Karlsdóttir.

Námskeiðin eru mikilvæg til að vekja athygli á Textílfélaginu og miðla þekkingu á fjölbreyttum aðferðum í textíl, auk þess að vera fjáröflun félagsins vegna leigu á verkstæðinu.



Sýningar og viðurkenningar:

Myndlistarverðlaun

Áhugaverðasta samsýningin 2025: 50/100/55

Viðurkenningu myndlistarráðs fyrir áhugaverðustu samsýningu ársins hlaut Textílfélagið fyrir 50/100/55.

Hönnunarmars

Félagið tók þátt í Hönnunarmars sem haldinn var 3.-6. apríl og var sýningin í Tjarnarsal

Ráðhúss Reykjavíkur. Sýningarstjórar voru Alexandra Jónsdóttir og Áslaug Saja Davíðsdóttir, sem lögðu

mikla vinnu í faglega uppsetningu og heildarsýn verkefnisins. Tuttugu og átta félagar tóku þátt í

sýningunni og endurspegluðu hún fjölbreyttar aðferðir og margbreytilegan bakgrunn félaga. Það húmar

að Handverk & hönnun bauð félaginu að halda sýningu í sal þess á Eiðistorgi í nóvember. Sýningarstjórar



voru Ingiríður Óðinsdóttir, Olga Bergljót Þorleifsdóttir og Ólöf Ágústína Stefánsdóttir sem settu upp fallega sýningu sem var mjög vel tekið. Þátttakendur voru 39.

Pallborð: Þriðjudaginn 18. nóvember voru haldnar pallborðsumræður þar sem rætt var um birtingarmynd handverks í hönnun og listum. Þátttakendur voru Guðrún Erla Geirsdóttir, Hildur Hákonardóttir, Sigmundur P. Freysteinsson og Sigrún Guðmundsdóttir. Umræðunum stjórnaði Edda Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri H&H.

Popup: Meðlimum Textílfélagsins gafst einnig kostur á að taka þátt í popup markaði sem haldinn var á Eiðistorgi þann 6. desember í sýningarsal Handverks og hönnunar á Eiðistorgi og tóku sjö félagar þátt.

Félagið tók þátt í opnu húsi á Korpúlfsstöðum 15. nóvember 2025 og 15. mars 2026.

Stjórn 2026-2027

Þorgerður Hlöðversdóttir formaður
Arnþrúður Ösp Karlsdóttir gjaldkeri
Þórlaug Sæmundsdóttir ritari
Hrafnhildur Gísladóttir
Inga Björk Andrésdóttir

Varamenn

Hrönn Vilhelmsdóttir
Ólöf Ágústína Stefánsdóttir

Ritnefnd

Brynhildur Þórðardóttir
Gerður Guðmundsdóttir
Helga Pálína Brynjólfssdóttir
Þorgerður Hlöðversdóttir

Sýningarnefndir

Húmar að
Ingiríður Óðinsdóttir
Olga Bergljót Þorleifsdóttir
Ólöf Ágústína Stefánsdóttir

Staður

Alexandra Jónsdóttir
Sigrún Halla Ásgeirsdóttir
NTA fulltrúar

Arnþrúður Ösp Karlsdóttir
Lilý Erla Adamsdóttir
Verkstæðisnefnd

Þórlaug Sæmundsdóttir
Helga Rut Einarsdóttir
Hrafnhildur Gísladóttir

MHA

Brynhildur Þórðardóttir
Bakland LHÍ
Harpa Jónsdóttir



FÍM – Félag íslenskra myndlistarmanna

Á síðastliðnu ári vann FÍM að áframhaldandi uppbyggingu og endurnýjun félagsins með því að fá nýja og virka listamenn til liðs við félagið. Helsta verkefni síðasta árs var sýningin *Hinn mildi vefur kynslóða*. Sýningin var stefnumót eldri og yngri listamanna sem spunnu saman þráð kynslóðanna með verkum sínum á Hlöðulofti Korpúlfsstaða. Yngri listamenn sýningarinnar voru utanfélagsmenn og gengu þeir allir til liðs við félagið. Sýningin tókst einstaklega vel og fékk frábæra aðsókn.

Ánægjulegt er að segja frá því að hafinn er undirbúningur að nýrri heimasíðu félagsins á léninu fim.is.



Á aðalfundi FÍM í mars síðastliðnum var María Sjöfn Dupuis Laufeyjardóttir kosin nýr formaður félagsins. Auk þess var Habby Ósk kosin nýr gjaldkeri FÍM. Með þeim sitja áfram í stjórn Jakob Jóhannsson ritari, Þorgerður Jörundsdóttir og Guðbjörg Lind Jónsdóttir meðstjórnendur.

Fráfarandi stjórnarmönnum þeim Ásdísi Arnarsdóttur meðstjórnanda, Guðbjörgu Lind Jónsdóttur formanni og Ólöfu Oddgeirsdóttur voru þökkun mikilvæg störf í þágu félagsins.

Guðbjörg Lind Jónsdóttir fyrrverandi formaður FÍM

Leirlistafélag Íslands

Stjórn:

Guðný Rúnarsdóttir, formaður

Sigríður Guðsteinsdóttir, gjaldkeri

Helga Arnalds, ritari

Ingibjörg Torfadóttir, meðstjórnandi

Sunna Björg Sigfríðardóttir, meðstjórnandi

Ylona, meðstjórnandi

Eins og fyrr er markmiðið að efla okkur, samstöðuna og félagið, félagsskapinn, og að efla leirlist á Íslandi, m.a. með því að vera sýnileg. Fyrst og fremst með reglulegum sýningum/viðburðum, einnig með félagsfundum. Svo er líka markmið að það birtist greinar og umfjöllun í fréttum td. á SÍM vefnum og á heimasíðu okkar.



Við höfum komist að því að það er mjög gott að ráða sýningarstjóra til að halda utanum og setja upp sýningarnar okkar. Búi Bjarmar Aðalsteinsson gaf góða raun fyrir um ári, í sýningunni Bergmál landsins, og nú er Agnes Ársælsdóttir að vinna flotta vinnu fyrir okkur. Einnig höldum við áfram að gera okkar besta í því að skrasetja sýningar Lí með því að fá ljósmyndara til starfa v. sýninga.

Félagsfundir voru fjórir, með aðalfundi, á tímabilinu. Við gerðum ýmislegt saman á fundum, hlustuðum á kynningar listamanna, Geoff Boras og Alice Sowa. Héldum súpufund, ræddum ýmis verkefni sem félagið hefur á þrjónunum og héldum aðventu-bingó. Einnig héldum við fjóra hittinga fyrir áhugafólk um íslensk jarðefni og leir, þar sem jafningjafræðsla er í fyrirrúmi.

En eitt af markmiðum félagsins er að hafa gaman saman :)

Fleiri gengu í félagið en úr því á síðasta ári, sem er vel. Það að halda sýningar og vera sýnileg hjálpar að þessu leyti og við höldum áfram því góða starfi.

Sýning okkar Bergmál Landsins var um vorið 2025, í húsnæði Handverks og Hönnunar á Eiðistorgi, Búi Aðalsteinsson var sýningarstjóri, góð þátttaka og ágæt mæting á viðburði, en Dr. Guðbjörg hélt erindi, Helga Arnalds leirsmiðju, og á lokadegi sýningar var “lokun” og einnig keramik markaður fyrir utan sýningarrýmið.

Um sumarið tókum við á móti þremur þýskum keramikurum og héldum hitting niðri í bæ, fórum á gallerírölt á Skólavörðustíg, enduðum á vinnustofu Ásu Tryggvadóttur og fengum okkur svo pizzu á Laugarveginum. Katrín V., Aldís Y. og Guðný R. fóru svo með Þjóðverjana norður á Strandir og í Búðardal og komu við á Eiríksstaðarhátíðinni, þar sem við holubrenndum leirmuni, markmiðið var að sýna þeim landið og grafa upp íslenskan leir og prufa að holubrenna að fornum sið. Hópur frá okkur fer svo næsta haust til Þýskalands.

Á næsta ári, 2027, verður stór sýning okkar “Konur stíga fram - vinnutitill” í Hafnarborg í Hafnarfirði auk bókverks.



Sýningarnefnd fundaði nokkrum sinnum varðandi þá sýningu ásamt Ólöfu Erlu sem átti hugmyndina að sýningunni, og Sigurlínu Osuala sýningarstjóra. Þó nokkur vinna þeirra fór í að sækja um styrki. Sigurlína er að heimsækja sýnendurna níu, eiga við þær spjall. Erna Elínbjörg Skúladóttir verður ráðgefandi.

Aldís Yngvadóttir verður ritstjóri bókverksins en það mun koma út á sama tíma og sýningin opnar, febrúar 2027. Eva Lín Vilhjálmsdóttir ritar texta í bókverkið. Snæfríð Þorsteins mun sjá um grafík. Vinna við að safna saman ljósmyndum af verkum stendur yfir.

Við viljum draga fram framlag fyrstu kynslóðar keramik listakvenna á Íslandi með listnám að baki í kastljósið.

Við stefnum á að sækja um styrk til Hafnarfjarðarbæjar varðandi sýninguna að auki.

Á næsta ári 2027, stefnum við líka á að halda sýningu eða sýningar með leirlist sem tengist fagurlistum meira en hönnun, eins og skipulagið er þá er áherslan annað hvert ár á hönnun og hitt á fagurlistir. Þó svo að oft flæði þarna á milli og verk séu beggja blands.

Þegar er búið að sækja um Listasal Mosó fyrir þessa sýningu (tímabil okt. nóv.)

Styrkir:

Reykjavíkurborg, þar sem við fengum 400.000 kr. Fyrir HönnunarMars sýningu okkar núna í maí, 45 ára afmælisýningu LÍ.

Ferðastyrkur frá Hönnunarsjóði - 300.000 kr. Vegna ferðar nokkurra félaga LÍ til Þýskalands 2026.

Gamall styrkur sem við nýtum nú: Reykjavíkurborg, 600.000 kr. Fyrir sýninguna Konur stíga fram (vinnutitill).

Við fengum 750.000 kr. Styrk frá Hönnunarsjóði fyrir bókverkinu sem mun koma út samhliða "Konur stíga fram" (vinnutitill).

Guðný Rúnarsdóttir, formaður LÍ.

Íslensk Grafík

Á liðnu starfsári hefur ÍG lagt áherslu á að kynna félagið fyrir útskriftarnemum LHÍ, þá sérstaklega aðstöðuna og tækifærin sem fylgja félagsaðildinni. Árlega eru nýir félagsmenn kynntir með samsýningu þeirra í Grafíksalnum í desember, sem hefur vakið mikla lukku. Íslensk grafík er mjög eftirsóknarvert félag til samstarfs, enda er listgrafík mjög spennandi listmiðill.

Hlutverk félagsins er:

- að vera hagsmunafélag grafíklistamanna
- að stuðla að framgangi grafíklista á Íslandi
- að gangast fyrir samsýningum félagsmanna
- að kynna erlenda grafík á Íslandi, svo og íslenska grafík á erlendum vettvangi.

Árlega stendur félagsmönnum til boða að taka þátt í 20:20 International printexchange í Bretlandi, en verkin eru svo sýnd út um allan heim. Okkur er afar mikilvægt að sýna fjölbreyttar tegundir



grafíklístsöpunar félagsmanna og er á döfinni samsýning á Ítalíu næsta vor og í skiptum fáum við ítalska grafíklístamenn til að sýna í Grafíkسالnum. Stefnt er á að þau haldi námskeið á verkstæði félagsins.

Íslensk grafík vinnur náið með grafíkfélögum í Skandinavíu og þá sérstaklega Turku printmakers í Finnlandi. Á síðasta ári var stór samsýning félagsmanna Turku prinmakers sýnd í Grafíkسالnum og á næsta ári munu okkar félagsmenn að sýna í Finnlandi. Í haust á Akureyrarvöku munu félagsmenn ÍG sýna verk sín í Deigluinni og munu félagsmenn Gilfélagsins á Akureyri sýna myndlist sína í Grafíkسالnum á Menningarnótt. Grafíkسالurinn er afar eftirsóttur sýningarsalur og komast mun færri að en vilja. Vegna óvissu í húsnæðismálum er ekki hægt að skipuleggja langt fram í tímann en biðlistinn er verulegur. Verkstæðið okkar er einstaklega rúmgott og þar geta félagsmenn, sem og utan félagsmenn, leigt sér aðstöðuna í styttri eða lengri tíma. Námskeið eru haldin af félagsmönnum og erlendum grafíklístamönnum, sem eru afar vinsæl. Nýir félagsmenn eru teknir inn á aðalfundi félagsins sem haldinn er í maí ár hvert. Fjöldi umsókna eykst á hverju ári en 11 nýir félagsmenn voru teknir inn í félagið í ár. Frá síðasta aðalfundi hafa verið 16 sýningar í Grafíkسالnum. Félagið vinnur að endurreisn grafíklístarinnar á Íslandi.

Frá því að sérhæfðu námi í grafíklíst við Listaháskóla Íslands var hætt árið 2002 hefur fagleg menntun í grafíklíst að mestu leyti verið fjarverandi á Íslandi. Í yfir 25 ár hefur þetta tómarúm leitt til minnkandi tæknilegrar færni, veikara gagnrýnið samtal og útbreidds misskilnings um hvað telst fagleg iðkun grafíklístar. Íslensk grafík er í einstakri stöðu til að bregðast við þessari stöðu. Auk þess að bjóða upp á vinnuaðstöðu og sýningartækifæri ber félaginu ábyrgð á að viðhalda faglegum viðmiðum og vernda þekkingu á grafíklíst á Íslandi. Við höfum því stofnað fræðslunefnd sem vinnur metnaðarfullt starf að skipulagningu og hönnun á menntamiðstöð fyrir grafíklíst í Reykjavík í samstarfi með innlendum og erlendum menntastofnunum. Fækkun grafíkdeilda í listaháskólum á norðurlöndunum er áhyggjuefni og er uppi hugmynd um samstarf þeirra á milli og er Íslensk grafík stoltur fulltrúi Íslands.

Með kærleikskveðju,
Stjórn Íslenskrar grafíkur

Stjórn ÍG skipa:

Elísabet Stefánsdóttir formaður

Rósmary Hjartardóttir ritari

Anna Snædís Sigmarsdóttir gjaldkeri

Þórdís Elín Jóelsdóttir meðstjórnandi

Marilyn Herdís Mellk meðstjórnandi

Myndlistarfélagið á Akureyri

Á liðnu starfsári hefur Myndlistarfélagið lagt áherslu á að kynna Myndlistarfélagið og félagsmenn. Standa fyrir samsýningum félagsmanna og má þar nefna “ JÁ JÁ ” á Akureyrarvöku og í gallerí Havnará í Þórshöfn Færeyjum þar sem 45 myndlistarmenn tóku þátt. Félagasýningin Korter í jól var á sínum stað en báðar þessar sýningar voru vel sóttar og félagsmenn duglegri að taka þátt og ferð Myndlistarfélagsins til



Færeysja var frábær þar hittust þjóðir sem geta lært svo mikið hver af annarri. Við Kristján Helgason fjölluðum um ferðina á þriðjudagsfyrirlestri í vetur.

Frá síðasta aðalfundi hafa verið 25 viðburðir í Mjólkurbúðinni, og allt upp bókað út árið. Árið 2027 er líka upp bókað fyrir utan eitt tímabil í júlí og sýnir það þörfina fyrir sal eins og Mjólkurbúðina.



Styrkir:

Myndlistarfélagið sótti um rekstrarstyrk til SSNE og hlaut kr. 1.300.000.

Félagið fær einnig rekstrarstyrk frá Akureyrarbæ til þriggja ára kr. 270.000 á ári.

Við fengum auk þess styrk fyrir safnarúntinum sem okkur langar að fara í lok maí eða byrjun júní. Í safnarúntinum ætlum við að heimsækja söfn og sýningarstaði við Eyjafjörð, Safna safnið, Dyngju, Einkasafnið, Versmiðjuna á Hjalteyri, Brimsali, Pálshús, og loks Alþýðuhúsið á Siglufirði, borða á Siglufirði og aka svo heim. Á bak við alla þessa styrki hefur farið langur tími og fyrirhöfn við að skrifa umsóknir.

Félagið hefur auk þess beitt sér fyrir:

- Myndlistarnámi á Háskólastigi sem nú er að hefjast HA í samstarfi við LHÍ þar sem verður lögð áherslu meðal annars á örnám í hönnun, tjáningu, spuna og myndlist

Félagið hefur beitt sér fyrir:

- Að vinnustofur listamanna verði hluti af miðbæjarskipulagi, að starf listamanna verði meira sýnilegt. Við höfum tvisvar fundað með Bæjarráði til að koma sjónarmiðum okkar á framfæri auk þess að sitja fundi með bæði formanni skipulagsráðs og Pétri hafnarstjóra. Við viljum efla Gilið sem stað grasrótarinnar.

Myndlistarfélagið skipulagði opinn fund með Gilfélaginu í Deigluinni með fulltrúum listanna sem var vel sóttur og gagnlegur. Þar var talað um Rósenborg sem hugsanlegan stað fyrir vinnustofur einnig hefur gamli húsmæðraskólinn verið nefndur í því samhengi.

- Við höfum endurvakið félagasýningar í Hofi yfir sumartímamann en sýningin „HÉDNA“ verður opnuð 9. maí og hafa 63 myndlistarmenn skráð þátttöku sína.

Á liðnu starfsári hefur Myndlistarfélagið átt í samstarfi við:

- MAK (Menningarfélag Akureyrar)



- Gilfélagið
- A gjörningahátíð
- Listasafnið á Akureyri
- Dyngja listhús, með samsýningunni „Heimalingar“
- Boreal (screendance festival)
- Fræðasetur um forystufé (Aðalsteinn og Arna Vals munu sýna þar í sumar)
- SÍM Bauð Myndlistarfélaginu að sýna á Kaffistofu á Myndlistarmessu 2025 á Korpúlfsstöðum en vegna lélegrar þátttöku var messunni aflýst og ekkert varð af því
- Myndlistarfélagið í Færeyjum (á Akureyrarvöku mun hópur myndlistarmann frá Þórshöfn sýna í Mjólkurbúðinni)

Okkur finnst mikilvægt að einbeita okkur að fáum verkefnum sem við vinnum vel svo sem:

- Að kynna Myndlistarfélagið og félagsmenn þess (Félagasýningin í Hofi er liður í því)
- Að efla Mjólkurbúðina sem sýningarrými
- Að auka samstarf við Færeyjar og hefja samstarf við Grænland (Erum í sambandi við Elvar íslenskan listamann sem býr í Nuuk)
- Að skrá sögu Myndlistarfélagsins og myndlistar á Akureyri
- Að vinnustofur myndlistarmanna verði hluti af miðbæjarskipulagi.

Mig langar að þakka stjórninni, félagsmönnum fyrir frábært samstarf og ég vona að félagið haldi áfram að eflast og að marka sín spor í sögu myndlistar á Íslandi, Áfram Myndlistarfélagið!

Stjórn Myndlistarfélagsins skipa:

Brynhildur Kristinsdóttir formaður

Kristján Helgason ritari

Ásta Bára Pétursdóttir gjaldkeri

Jónína Mjöll Þormóðsdóttir meðstjórnandi

Aðalsteinn Þórsson meðstjórnandi

Varamenn: Jonna Jónborg Sigurðardóttir

Hallgrímur Ingólfsson



SÍM Residency and SÍM Guesthouse Annual Report 2025


<https://www.sim-residency.info/>

<https://www.instagram.com/simresidency/>

<https://www.facebook.com/Simresidency/>

The SÍM Residency artist-in-residence programme continued its activities throughout 2025 by supporting international artistic exchange, multidisciplinary artistic research, and cultural collaboration in Reykjavík. The programme hosted artists from a wide range of artistic disciplines and cultural backgrounds, while continuing to strengthen partnerships with local and international institutions.

Residency activities took place primarily in the two programme locations at Seljavegur and Korpúlfsstaðir. Alongside the residency programme, SÍM Guesthouse continued to provide affordable short-term accommodation for visiting artists, curators, researchers, and cultural workers.




Residency Programme Overview

In 2025, SÍM Residency hosted 113 multidisciplinary artists from numerous countries across Europe, North America, Asia, and beyond. The residency programme continued to foster artistic experimentation, professional networking, and intercultural dialogue.



Country Representation - SÍM Residency 2025



As part of the monthly residency activities, various public events and community programmes were organised at both Seljavegur and Korpúlsstaðir, including:

- Artist talks
- Workshops
- Open studio events
- Curatorial visits
- Group exhibitions at SÍM Hlöðuloftið at the end of each month



These activities created opportunities for both residents and the local community to engage in artistic dialogue and exchange.

The residency programme continued to emphasise multidisciplinary approaches, bringing together visual artists, designers, performers, writers, sound artists, curators, and researchers working across diverse media and practices.

SÍM Guesthouse

SÍM Guesthouse maintained strong occupancy throughout 2025, hosting more than 164 guests. The guesthouse primarily supported travelling artists participating in residency programmes throughout Iceland, particularly outside the capital region.

Reservations and collaborations included guests connected with: The Nordic House, Iceland University of the Arts, various museums, artist-run spaces, cultural festivals and arts organisations.

The guesthouse plays a vital role in supporting international cultural mobility and accessible accommodation for artists and cultural workers visiting Iceland.

Strategic Context and Nordic Cultural Cooperation

SÍM Residency continues to develop as one of the most important international artist residency platforms in Iceland and serves as a central operational and cultural framework within the activities of SÍM.

The residency programme increasingly aligns with the priorities and values outlined in the Nordic Co-operation Programme for Culture 2025–2030, particularly in the areas of:

- International cultural mobility
- Sustainable artistic exchange
- Cross-sector collaboration
- Freedom of artistic expression
- Accessibility and inclusion
- Ecological awareness and sustainability
- Strengthening Nordic and Baltic cultural networks

Through its year-round residency activities, SÍM Residency functions not only as an accommodation and studio programme, but as a vital platform for artistic research, knowledge production, networking, and long-term international collaboration.

The programme creates opportunities for artists to engage critically with contemporary social, environmental, and cultural issues while contributing to Iceland's wider cultural ecosystem and international visibility.

Particularly significant is the programme's role in:

- Supporting Nordic and Baltic artistic mobility
- Facilitating collaboration between artists, researchers, institutions, and local communities
- Creating sustainable professional networks across borders
- Providing access to artistic opportunities for emerging and established practitioners alike



The residency's environmentally focused projects, such as the Nordic-Baltic glacier residency programme, demonstrate how artistic practice can actively contribute to public dialogue surrounding climate change and sustainability - priorities that strongly resonate with the Nordic cultural cooperation agenda for 2025–2030.

At a time when independent artists face increasing economic and infrastructural challenges internationally, SÍM Residency and SÍM Guesthouse continue to provide an essential cultural infrastructure that enables mobility, experimentation, and international exchange.

The residency programme has therefore become one of the main international platforms operated by SÍM and an increasingly important strategic tool for strengthening Iceland's participation within Nordic and European cultural cooperation networks.

Residency Circle Meeting

In August 2025, Martynas Petreikis represented SÍM Residency at the Residency Circle Meeting 2025, which brought together residency organisers and cultural professionals from across the Nordic and Baltic regions.

The meeting gathered representatives of organisations that received residency funding through the Nordic-Baltic Mobility Programme for Culture during 2024–2025. The event focused on exchanging experiences, strengthening professional networks, and contributing to the continued development of the artist residency field in the region.

According to the expert group of the residency funding programme, the meeting highlighted the strong collaborative spirit within the Nordic and Baltic residency sector and demonstrated how support from Nordic Culture Point enables new forms of cooperation and artistic mobility.

The meeting was organised by Nordic Culture Point and kindly hosted by Inkonst in Malmö.

Nordic-Baltic Mobility Programme Special Residency

During February and March 2025, a special residency programme was implemented at Korpúlfsstaðir for seven artists, funded through the Nordic-Baltic Mobility Programme for Culture.

SÍM Residency received approximately EUR 50,000 in funding to realise the programme, which was curated by Sunna Dagsdóttir.

The thematic focus of the programme addressed:

- Climate change
- Global warming
- The impact of environmental change on Icelandic glaciers

The residency collaborated with: HÍ Hornafjörður Research Center, Náttúrustofa Suðasturlands.

As part of the programme:

- A public panel discussion was organized
- Research visits and field-based activities took place
- The group exhibition ...CIER was presented for one week and opened to the general public



The programme successfully connected artistic practice with environmental research and public discourse.

Collaborations, Partnerships, and Residency Exchanges

In 2025, SÍM Residency continued its international collaboration and residency exchange activities.

Three cross-residency programmes were implemented through ongoing partnerships with:

- Vantaa Artists Association – Jóna Hlíf Halldórsdóttir
- Budapest Gallery - Freund Éva
- Artists en Résidence - Sigrún Gyða Sveinsdóttir



Additional collaboration partners included: Alliance Française, Nýlistasafnið, Embassy of France in Iceland.

Furthermore, in partnership with the Finnish Cultural Foundation, SÍM Residency hosted two artists from Finland for fully funded three-month residencies, curated by Ástríður Jónsdóttir. The residencies culminated in two solo exhibitions presented at the SÍM Gallery.

Residency Development and Reflections

The residency programme continues to face several operational and financial challenges.



One of the main concerns remains the limited availability of local funding to support residency activities and long-term programme development. In addition, ongoing housing uncertainty during the past four years has affected the programme's ability to consistently manage open calls and residency availability.

The increasing cost of living in Iceland has also significantly impacted artists' ability to participate in residency programmes without external funding support. Rising operational costs required the residency fees to increase considerably, with fees ranging approximately from ISK 190,000 to ISK 300,000 depending on residency duration and accommodation type. These economic conditions have made participation less accessible for many independent artists internationally.

Despite these challenges, SÍM Residency continues to maintain strong international interest and remains an important platform for artistic exchange in Reykjavík.

Conclusion

Throughout 2025, SÍM Residency and SÍM Guesthouse continued to play an essential role in supporting artistic mobility, cultural exchange, and international collaboration in Reykjavík. Despite ongoing financial and infrastructural challenges, the programme maintained a strong international presence and continued to provide meaningful opportunities for artists to develop research, create new work, and engage with local communities and institutions. The organisation remains committed to strengthening international partnerships, improving accessibility for artists, and expanding opportunities for interdisciplinary artistic practice in the years ahead.



Takk fyrir mig!

Kveðja fráfarandi formanns

Á þeim átta árum sem ég hef verið formaður SÍM hef ég verið þeirrar gæfu njótandi að eiga samstarf við margt frábært fólk, bæði stjórnarmenn á hverjum tíma, félagsmenn SÍM sem hafa lagt sambandinu lið og starfsfólki SÍM, fólk sem af heilum hug hefur látið málefni SÍM sig varða. SÍM nýtur þess að stjórnin skuli ávalt vera skipuð sjálfstætt starfandi myndlistarmönnum, sem miðla af faglegri reynslu sinni og leggja fram ómælda vinnu til að efla starfsgrundvöll og hagsmuni myndlistarmanna.

Kæru félagsmenn SÍM það hefur verið einstakt að hafa tækifæri til að vinna að margvíslegum málefnum myndlistarmanna. Að baki hvers einasta ávinnings sem unnist hefur í málum okkar liggur þrotlaus vinna stjórnar, hóps áræðinna félagsmanna og starfsmanna SÍM. Fyrstu skrefin í sumum baráttumálum okkar, sem hafa náðst í gegn nýverið, voru stigin strax á stofnári SÍM, en hafa ekki fengið hljómgrunn stjórnvalda fyrr en á síðustu árum. Hvert einasta mál sem unnist hefur byggir á þrautsegju og samstöðu myndlistarmanna.

Samstarfið við fulltrúa hinna ýmsu opinberu stofnana sem SÍM á samskipti við hefur verið í traustum farvegi og málefni okkar mæta vaxandi skilningi þeirra.

Ég þakka öllum samstarfsfólki undanfarinna ára, um leið og ég óska nýrri stjórn farsældar í starfi, og félagsmönnum velfarnaðar í listinni og lífinu.

Takk fyrir mig,
Anna Eyjólf

Samband íslenskra myndlistarmanna

The Association of Icelandic Visual Artists

sim@sim.is

+354 551 1346

www.sim.is